

1862.

9. aprilm.

við skóla þenna. En stjórnarráðið mun nákvæmar yfirvega, hvort ástæða sé til að gjöra nýja ákvörðun, er leggi hlutað-eigendum á herðar skyldu þá, sem hér er um rætt, og mun yður síðar verða kunngjört, hvað af ráðið verður í því efni; en fyrst um sinn verður stjórnarráðið að skora á yður, að reyna að fá kándidata frá prestaskólanum til að taka að sér þessi fátæku brauð, með því að gefa þeim von um, að þeir á eptir skuli fá betri brauð.

9. aprilm.

**22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um sekt fyrir brot móti verzlunarlögunum.**

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá skýrslu yðar, herra amtmaður, í bréfi 18. septemberm. f. á., um að O. V. Simonsen lausakaupmaður hefði í fyrra brotið móti verzlunarlögunum íslenzku, er hann sigldi til Skeljavíkur í Steingrímsfirði innan Strandasýslu og verzlaði þar, þá hefir stjórnarráðið látið rannsókn um þetta efni fram fara yfir honum í sakamála- og lögreglumálaréttinum í Kaupmannahöfn, og hefir hann játað brot sitt, en beðið um, að málið yrði á enda kljád með úrskurði dómsmálastjórnarinnar, en ekki með dómi, og hefir stjórnarráðið þvínæst ákveðið, að hann skuli greiða fyrir yfirsjón sína 20 ríkisdala sekt til sveitarsjóðsins, þar sem brotið var framið.

Þetta skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar.

9. aprilm.

**23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um eignarrætt til reka.**

Þér hafð, herra amtmaður, í bréfi 17. septemberm. f. á. beðið um, að stjórnarráðið skæri úr, hverjum bæri eignarrættur



til ámu, er rekið hafði af sjó á land upp á Illugastöðum, sem er ein af þingeyra klausturs jörðum.

1862.  
9. aprilm.

Eptir að búið er að skrifast á við fjárstjórnina um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það þeim, er hlut eiga að máli, að dómsmálastjórnin verður að álita, að eptir réttum skilningi á opnu bréfi 4. maím. 1778, 1. og 2. gr., eigi ríkissjóðurinn ámu þessa, en af því hér er um slíkt lítilræði að gjöra, fellst stjórnarráðið á, að áman sé eptirlátin eiganda Víðidalstungu kirkju, Páli stúdent Vídalín, með því skilyrði, að hann taki uppá sig alla ábyrgð, sem annars kynni að hvíla á ríkissjóðnum, ef eigandi kæmi með kröfu nokkra í þessu efni.

#### 24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á 11. aprilm. Íslandi, um fæðispeninga alþingismanna m. m.

Dómsmálastjórnin hefir meðtekið bréf yðar, herra stiptamtmaður, 17. maím. f. á., og hafið þér í því lýst yfir álitinu yðar um gjöld nokkur, er snertu alþingi 1859. Um þetta efni skal yður nú kunngjört, til þess þér hagið yður eptir því og auglýsið það, að þar sem alþingismenn þeir, er eiga heima í Reykjavík, hafa það ár, er nú var nefnt, og eptir því sem þér hafið frá skýrt einnig undanfarandi alþingisár, reiknað sér fæðispeninga fyrir einn dag áður en þing hefir byrjað, og fyrir einn dag eptir þinglok, þá er þessi reikningsmáti heimildarlaus. En áður en skorið sé úr spurning, sem einnig er hreyft í bréfi yðar, viðvíkjandi fæðispeningum þeim, er forseti á alþingi 1859 reiknaði sér fyrir störf sín í þarfir alþingis eptir þinglok það ár, þá biður stjórnarráðið yður að skýra sér frá, hvernig að hafi verið farið í þessu efni eptir síðasta alþing, og skal um leið leitt athygli yðar að bréfi dómsmálastjórnarinnar 28. janúarmán. 1860.